

Málsnr.: MSS 2410 0046  
Skjalasafn Ráðhúss  
07. nkt. 2024  
Bréfalykill: 09.03.04



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Einar Þorsteinsson  
Borgarstjóri  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík

Reykjavík 25. september 2024  
202310-0080 / 7.01 / 6414

Suðurgötu 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

## Efni: Tillaga að friðlýsingu Hólavallagarðs á grundvelli menningarminjalaga

Að frumkvæði Kirkjugarða Reykjavíkur hefur Minjastofnun Íslands hafið undirbúning tillögu til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að friðlýsingu Hólavallagarðs, gamla kirkjugarðsins við Suðurgötu (landeignarnr. 101316), á grundvelli 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Þar segir að friðlýsa megi samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljist hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Ráðherra ákveður friðlýsingu að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands. Lagt er til að friðlýsingin taki til Hólavallagarðs í heild; heildarskipulags hans, veggjar umhverfis garðinn, klukknaports, minningarmarka og ásýndar hans. Friðlýsingarmörk eru sýnd á meðfylgjandi skýringarupprætti. Nánar tiltekið eru mörk garðsins dregin um eftirtalda hnitpunkta í Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar:

Nr.	X-hnit	Y-hnit
1	-23147.8623	17773.7470
2	-23139.0903	17747.1107
3	-23024.0460	17690.6289
4	-23019.8683	17691.5858
5	-22916.1357	17900.6412
6	-22917.3228	17904.1220
7	-23041.6376	17965.4086
8	-23043.4850	17965.7299
9	-23045.7073	17965.7299
10	-23047.7153	17965.3015
11	-23049.0808	17963.9628
12	-23050.3927	17961.9548
13	-23051.5172	17959.2238

Ekki er gert ráð fyrir 100 metra friðhelguðu svæði utan framangreindra friðlýsingarmarka eins og heimilt er samkvæmt 22. gr. minjalaga.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laganna skal Minjastofnun gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur, húseigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Ráðgefandi nefndir Minjastofnunar, húsafriðunarnefnd og fornminjanefnd, ásamt Kirkjugarðaráði hafa fjallað um tillöguna með jákvæðum hætti.

### **Kynning á tillögu að friðlýsingu**

Í samræmi við 18. og 19. gr. minjalaga leggur Minjastofnun Íslands meðfylgjandi drög að friðlýsingarskilmálum fyrir landeigendur, húseigendur, viðkomandi sveitarfélag og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Í skilmálunum kemur fram rökstuðningur Minjastofnunar Íslands með friðlýsingartillögunni.

Með vísan til 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, hér með gefinn kostur á að koma á framfæri formlegum og efnislegum athugasemdum við friðlýsingartillöguna og hjálögð drög að friðlýsingarskilmálum fyrir 6. nóvember nk. Hafi athugasemdir ekki borist fyrir þann tíma lítur Minjastofnun Íslands svo á að ekki sé gerð athugasemd við tillögu að friðlýsingu Hólavallagarðs. Athugasemdum má skila með tölvupósti á netfangið [postur@minjastofnun.is](mailto:postur@minjastofnun.is) eða senda með pósti til Minjastofnunar Íslands, Suðurgötu 39, 101 Reykjavík.

Virðingarfyllt,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Rúnar Leifsson  
Forstöðumaður

Samrit:  
Félag íslenskra landslagsarkitekta FÍLA  
Kirkjugarðar Reykjavíkur  
Kirkjugarðaráð  
Náttúrufræðistofnun  
Umhverfisstofnun  
Þjóðkirkjan – Biskupsstofa

Fylgiskjöl:  
Drög að friðlýsingarskilmálum fyrir Hólavallagarð ásamt skýringarupprætti



Minjastofnun  
Íslands

## Hólavallagarður - Friðlýsingarskilmálar

Hús / mannvirki:	Hólavallagarður
Fasteignanúmer*:	F2272172
Landeignarnúmer*:	L101316
Sveitarfélag:	Reykjavík
Eigandi húss / mannvirkis*:	Kirkjugarðar Reykjavíkur
Umráðandi húss / mannvirkis*:	Kirkjugarðar Reykjavíkur
Landeigandi*:	Kirkjugarðar Reykjavíkur
Umráðandi lands*:	Kirkjugarðar Reykjavíkur
Byggingarár:	1838

### Umfang og skilmálar:

Friðlýsingin tekur til kirkjugarðsins við Suðurgötu, Hólavallagarðs, í heild; veggjar umhverfis garðinn, heildarskipulags hans, klukknaports, minningarmarka og ásýnd garðsins. Svæðið sem friðlýsingin tekur til er um 3 ha. að stærð og afmörkun miðast við lóðarmörk eða ytra borð garðveggja. Ákvæði í 22. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar, sem kveða á um 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum friðlýstra minja, á ekki við um Hólavallagarð. Afmörkun friðlýsts svæðis má sjá á teikningu sem fylgir friðlýsingarskilmálunum. Friðlýsing hefur ekki áhrif á umhirðu og daglegan rekstur garðsins og áfram verður heimilt að jarðsetja duftker og halda við leiðum í samráði við Kirkjugarða Reykjavíkur, sbr. lög nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Kostnaður við umhirðu og viðhald minningarmarkja og leiða fer eftir sömu lögum.

### Rökstuðningur friðlýsingar:

Hólavallagarður er meðal merkustu kirkjugarða landsins. Garðurinn endurspeglar á einstakan hátt skipulagssögu og uppbyggingu kirkjugarða á 19. og 20. öld. Byrjað var að grafa í Hólavallagarði árið

\* Skv. Fasteignaskrá Íslands 11. desember 2023

1838. Garðurinn tók við af Víkurgarði og skipulag hans tók mið af skipulagi gamla kirkjugarðsins. Með tímanum varð að stækka garðinn og breyttist þá skipulag grafa og götur voru myndaðar milli grafaraða. Um það bil sem kirkjugarðurinn var fullnýttur var kominn nútíma bragur á nýrri hluta hans meðan eldri hlutinn hefur verið látinn óhreyfður, ekki hafa verið skipulagðir stígar til að koma fyrir bekkjum o.fl. eins og oft má sjá í eldri kirkjugörðum annars staðar á Norðurlöndunum. Þessa sérstöðu Hólavallagarðs má vel greina á loftmyndum og þegar gengið er um garðinn og kalla þær á hugrenningatengsl við skipulag 19. aldar borga í Evrópu frá þeim tíma þegar þær stækkuðu út fyrir borgarmúranna með nýju skipulagi gatna og lóða.

Önnur megin rök fyrir því að friðlýsa garðinn eru þau að í honum hefur varðveist eitt merkasta og heillegasta safn af minningarmörkum á Íslandi sem hafa mikið gildi fyrir listasögu, tákfræði og stílgerð. Þau gefa einnig gott yfirlit um þróun stílbrigða, handbragðs og efnisnotkunar frá 1838 til dagsins í dag. Í garðinum eru einstök minningarmörk, lágmyndir eftir þekktu listamenn, járnkrossar og girðingar sem eru mikilvæg sem fágæt sýnishorn handverks í evrópsku samhengi. Á Íslandi eru varðveitt hlutfallslega fleiri minningarmörk úr járn en erlendis, þar sem mörg þeirra hafa farið forgörðum af ýmsum ástæðum. Einnig má ætla að í garðinum sé að finna áhugaverðar upplýsingar um mismunandi gerðir og blöndun steinsteypu í gegnum árin, en það hefur enn ekki verið rannsakað. Í garðinum er auk þess að finna fjölbreyttan gróður. Í eldri hluta garðsins eru trjátegundir sem eiga rætur sínar í garðyrkjutilraunum frá árunum milli stríða. Í öðrum hluta má sjá einkennandi gróður eftirstríðsáranna. Auk þess er þar fjölbreytilegur blómgróður sem á rætur að rekja til heimilisgarða á síðustu öld. Að minnsta kosti fjórar mosategundir sem fundist hafa í garðinum eru á Evrópuváklista yfir plöntur í útrýmingarhættu. Eins eru þar nokkrar tegundir sveppa sem hvergi hafa fundist annarstaðar á Íslandi. Vafalaust má segja að Hólavallagarður sé meðal fjölbreytilegustu skrudgarða Reykjavíkur. Hann er vinsæll áfangastaður fyrir sögugöngur og dæmi eru um að garðurinn hafi verið vettvangur ýmissa rannsóknarverkefna.

Í skýrslum Gunnars Bollasonar frá árunum 2001 og 2006 eru skráð um og yfir fimm þúsund minningarmörk í Hólavallagarði og er heildarástand þeirra metið gott. Minningarmörkin hafa verið metin með tilliti til menningarsögulegs gildis þeirra í fimm flokka og falla 25% þeirra í fyrstu þrjá flokkana. Ætla má að varðveislugildi minningarmarkna hafi ekki breyst mikið frá útgáfu skýrslunnanna. Minjavörður kannaði ástand minningarmarkna í garðinum í tengslum við umrædda friðlýsingu. Í ljós kom að allnokkur minningarmörk eru í slæmu ástandi og hefur verið unnin úttekt á þeim sem setja skal í viðhaldsforgang.


**Viðhengi:**

- Kort Hólavallagarður mörk friðlýsingar ásamt skýringum

**Heimildir:**

- Gunnar Bollason. *Hólavallagarður, kirkjugarðurinn við Suðurgötu, skráninga og rannsókn minningarmarka, Rannsóknarskýrsla Þjóðminjasafnsins*. Þjóðminjasafn Íslands, 2001.
- Gunnar Bollason. *Hólavallagarður við Suðurgötu. Flokkun og lýsing minningarmarka og leiðisumgjarða með tilliti til menningarsögulegs gildis þeirra*. Fornleifavernd ríkisins. 2006.
- Páll Línal. Reykjavík - *Sögustaður við Sund. Saga og sérkenni höfuðborgarinnar í máli og myndum*. Bókaútgáfan Örn og Örygur hf. 1987
- Garðsöguhópur félags Íslenskra landslagsarkitekta. *Garðar lifandi minjar – Aðferðir við verndarmat og skráningu gamalla garða*. Greinargerð. Félag Íslenskra landslagsarkitekta, 2019.
- Aase Faye. Danske støbejernskors. Nyt Nordisk Forlag Arnold Busck, Kaupmannahöfn, 1988.
- Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. B2-Græna borgin. Kirkjugarðar og grafreitir, Hólavallagarður (K1).

SKYRINGARVEGNA MANNINGARMARKA



Þetta er mynd af myndinni í Skýringarvegni Manningarmarkanna  
 og er myndin byggð á myndinni í Skýringarvegni Manningarmarkanna

- SKYRINGARVEGNA MANNINGARMARKA
- |    |           |            |
|----|-----------|------------|
| 1  | Taka      | Landmæling |
| 2  | Skýringar | Landmæling |
| 3  | Skýringar | Landmæling |
| 4  | Skýringar | Landmæling |
| 5  | Skýringar | Landmæling |
| 6  | Skýringar | Landmæling |
| 7  | Skýringar | Landmæling |
| 8  | Skýringar | Landmæling |
| 9  | Skýringar | Landmæling |
| 10 | Skýringar | Landmæling |
- SKYRINGARVEGNA MANNINGARMARKA

- SKYRINGARVEGNA MANNINGARMARKA
- 1. Skýringar
  - 2. Skýringar
  - 3. Skýringar
  - 4. Skýringar
  - 5. Skýringar
  - 6. Skýringar
  - 7. Skýringar
  - 8. Skýringar
  - 9. Skýringar
  - 10. Skýringar

## Úr lögum um menningarminjar:

Friðlýsingin er gerð á grundvelli 18. gr. minjalaga þar sem segir m.a.: „Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi“.

Um frekari lagarök fyrir friðlýsingu vísast til minjalaga en þar kemur m.a. fram að:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. (1. gr.)

Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja. (5. gr.)

Um friðlýsingu:

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra. Minjastofnun Íslands skal hafa samráð við skipulagsyfivöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Ráðherra ákveður friðlýsingu eða afnám friðlýsingar að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands. Friðlýsing húsa og mannvirkja og friðun kirkna sem ákveðin hefur verið á grundvelli eldri laga heldur gildi sínu. (18. gr.)

Um framkvæmd friðlýsingar:

Minjastofnun Íslands skal með sannanlegum hætti tilkynna landeiganda, húseiganda, hlutaðeigandi lögreglustjóra og bæjar- eða sveitarstjórn ákvörðun um friðlýsingu. Stofnunin skal gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur, húseigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta.

Minjastofnun Íslands skal láta þinglýsa friðlýsingu sem kvöð á eign þeirri sem í hlut á. Greina skal í tilkynningu til hvers friðlýsingin nær. Ráðuneyti auglýsir friðlýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Um undirbúning og ákvörðun um friðlýsingu fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnslulaga, nr. 37/1993.

Afnám friðlýsingar skal auglýst með sama hætti og friðlýsing.

Hinn friðlýsti minjastaður og ytri mörk hans skulu tilgreind á rafrænum kortagrunni. Minjastofnun Íslands tryggir að friðlýstar menningarminjar verði færðar á skipulagskort. Þinglýsingarstjóri skal tilkynna Minjastofnun Íslands ef þinglesin eru eigendaskipti að friðlýstu húsi, mannvirki eða landareign sem á eru friðlýstar fornleifar.

Heimilt er að lækka eða fella niður fasteignagjöld af friðlýstum fasteignum og landareignum sem á eru friðlýstar fornleifar. (19. gr.)